



Dómstóll ÍSÍ

Dómur 16. september 2025

Mál nr. 8/2025

[Ragnar Sverrisson]
[Ólafur Örn Svansson hrl.]

gegn

[Dansfélagi Reykjavíkur]
[Unnur Ásta Bergsteinsdóttir, hdl.]

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

Málið var kært til skrifstofu ÍSÍ þann 15. júní 2025 af Ragnari Sverrissyni. Kærði er Dansfélag Reykjavíkur. Kærði skilaði greinargerð til dómstólsins ásamt fylgiskjöllum þann 2. júlí sl. Auk þess sem kæranda var gefinn kostur á að leggja fram frekari sjónarmið sem bárust þann 8. júlí sl. ásamt viðbótarathugasemdum kærða þann 11. júlí sl.

Dómkröfur

1. Kærandi krefst þess að viðurkennt verði að synjun Dansfélags Reykjavíkur um aðild kæranda sé ólögmæt.
2. Kærandi krefst þess að viðurkennt verði að kærandi sé aðili í Dansfélagi Reykjavíkur en til vara er þess krafist að ákvörðun um að synja aðild hans verði felld úr gildi og lagt fyrir félagið að taka kæranda inn sem félaga.
3. Kærandi gerir kröfu um greiðslu málskostnaðar úr hendi kærða.

Helstu málsatvik

Mál þetta varðar ágreining um hvort kærandi, Ragnar Sverrisson, hafi með skráningu og greiðslu æfingagjalda í maí 2025 öðlast aðild að Dansfélagi Reykjavíkur og hvort synjun félagsins á aðild hans hafi verið lögmæt. Kærandi skráði sig í gegnum skráningarforritið Abler á dansnámskeið á vegum félagsins og greiddi tilheyrandi æfingagjöld. Greiðslan var síðar bakfærð án þess að kæranda væri tilkynnt um synjun eða veittur rökstuðningur. Í kjölfar þess sendi kærandi fyrirspurn til félagsins en fékk engin svör. Málið var kært til dómstóls ÍSÍ þann 15. júní 2025.





Kærandi telur sig hafa með skráningu og greiðslu öðlast aðild að Dansfélagi Reykjavíkur. Kærði telur að um hafi verið að ræða skráningu í námskeið á vegum Dansskóla Köru ehf., sem feli ekki í sér sjálfkrafa aðild að Dansfélaginu, og að kærandi hafi ekki verið samþykktur sem félagi.

Helstu málsástæður kæranda

Kærandi byggir kröfur sínar á því að hann hafi með skráningu í gegnum Abler og greiðslu æfingagjalda í maí 2025 öðlast aðild að Dansfélagi Reykjavíkur. Að mati kæranda er félaginu ekki heimilt að synja honum aðild nema fyrir liggja málefnalegar og lögmætar ástæður, sbr. f-lið gr. 5.2. í lögum ÍSí.

Kærandi bendir á að greiðsla æfingagjalda var bakfærð einhliða af hálfu félagsins án þess að honum væri tilkynnt um rök fyrir því eða veittur andmælaréttur. Þá fékk hann enginn svör við skriflegri fyrirspurn um ástæður bakfærslunnar. Hann byggir á því að slík málsmeðferð brjóti gegn grundvallarreglum réttlátrar málsmeðferðar og jafnræðis, auk f-liðar gr. 5.2 í lögum ÍSí um að félagsaðild skuli vera öllum frjáls nema málefnalegar og lögmætar ástæður réttlæti annað.

Til stuðnings vísar kærandi í fordæmi dómstóls ÍSí í máli nr. 5/2023, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að höfnun aðildar væri ólögmæt þar sem hún var órökstudd og byggð á óskráðum sjónarmiðum sem brutu gegn f-lið gr. 5.2. í lögum ÍSí.

Helstu málsástæður kærða

Kærði byggir á því að skráning kæranda hafi verið skráning í námskeið í Dansskóla Köru ehf., og ekki falið í sér sjálfkrafa inngöngu í Dansfélag Reykjavíkur. Þá sé nauðsynlegt að stjórn félagsins samþykki nýja féлага og að kærandi hafi hvorki verið samþykktur né skráður.

Kærði heldur því fram að synjun hafi byggst á málefnalegum forsendum, þar á meðal ábendingum og kvörtunum vegna erfiðra samskipta og fyrri reynslu annarra aðila af samstarfi við kæranda. Þá hafi ekki verið opið fyrir félagaskipti í samræmi við reglur DSÍ.

Félagið telur að það hafi rétt samkvæmt lögum ÍSí og sínum eigin reglum til að taka ekki við einstaklingum sem það telur ekki henta starfseminni.

Niðurstaða

Þegar einstaklingur skráir sig í gegnum viðurkennt skráningarforrit félags, greiðir þar æfingagjöld og fær sjálfkrafa staðfestingu á skráningu má ætla að almennt skapist réttmætar væntingar um að hann uppfylli þau skilyrði sem kunna að liggja fyrir þátttöku í námskeiði eða öðru því sem viðkomandi skráir sig í. Í því máli sem hér um ræðir taldi kærandi sig jafnframt vera að öðlast félagsaðild í Dansfélagi Reykjavíkur þó námskeið sé haldið af Dansskóla Köru ehf. Á grundvelli þess að fram kemur við skráningu að námskeiðið sé fyrir dansara í Dansfélagi Reykjavíkur. Kærði byggir hins vegar á því að skráning kæranda hafi verið skráning í námskeið





á vegum Danssskóla Köru ehf. sem feli ekki í sér sjálfkrafa inngöngu í Dansfélag Reykjavíkur. Þegar skráning var bakfærð og kærða endurgreidd æfingagjöld óskaði hann eftir skýringum á bakfærslunni en fékk engin svör né leiðbeiningar um það hvernig hann gæti með öðrum hætti skráð sig í námskeið eða orðið félagi í Dansfélagi Reykjavíkur. Þá var honum ekki veittur andmælaréttur eða gefinn kostur á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Af ákvæði e-liðar gr. 5.2 í lögum ÍSÍ verður ekki annað ráðið en að meginreglan sé að einstaklingum sé heimil félagsaðild, gangist þeir undir lög og reglu félags, nema ytri aðstæður, t.d. þjálfunaraðstæður, heimili takmörkun á þátttöku í félagsstarfi. Eigi að gera takmarkanir á inngöngu einstaklinga í félög verður að gera kröfu um gagnsæi og skýra upplýsingagjöf ef sérstökum skilyrðum er ætlað að vera til staðar fyrir inngöngu. Enn fremur segir í f-lið gr. 5.2. að skráning taki gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður í félagatal félags og það sé á ábyrgð félagsmanns að ganga úr skugga um að skráning hafi átt sér stað hjá félagi. Í þessu máli liggur fyrir að kærandi óskaði eftir skýringum en án árangurs.

Í lögum Dansfélags Reykjavíkur segir í 3. gr. að félagið sé öllum opið en ekki er útlistað með nánari hætti hvernig eigi að bera sig að til að gerast félagi né heldur hvort félagsgjald sé hluti af æfingagjaldi eða ekki. Danssskóli Köru er einkahlutafélag eins og kemur fram í gögnum málsins en Dansfélag Reykjavíkur er íþróttafélag sem starfar innan þess. Skilin á milli félagsins og skólans eru óljós en ljóst er að Dómsstóll ÍSÍ hefur einungis lögsögu fyrir Dansfélagi Reykjavíkur sem íþróttafélagi. Í greinargerð kærða segir annars vegar að Danssskóli Köru hafi hafnað skráningu kæranda í umrætt námskeið og hins vegar að kærði hafi hafnað skráningu í námskeiðið. Verður af þessu ráðið að tengsl skólans og félagsins sé með þeim hætti að ómögulegt sé að greina á milli hvort íþróttafélagið eða einkahlutafélagið eigi í hlut. Í greinargerð kærða segir jafnframt:

“Kærandi er eins og staðan er í dag ekki skráður á námskeið á vegum Danssskóla Köru og þar afleiðandi ekki með aðild að Dansfélagi Reykjavíkur sem er rekið innan skólans. Þar sem hann er ekki aðili að Dansfélagi Reykjavíkur verður að hafna kröfu hans um að aðild hans að félaginu verði viðurkennd.”

Af þessu verður ekki annað ráðið en að Dansfélag Reykjavíkur líti svo á að skráning á námskeið á vegum Danssskóla Köru leiði til aðildar að Dansfélagi Reykjavíkur.

Að mati dómstólsins hafði kærandi því réttmætar ástæður til að ætla að skráning hans hafi verið framkvæmd með réttum hætti og hann öðlast aðild að Dansfélagi Reykjavíkur. Dómsstóllinn telur að kærði hafi ekki fært fram málefnalegar og lögmætar ástæður fyrir því að bakfæra skráningu á námskeiðið og þar með synja kæranda um félagsaðild sem stæðust skilyrði laga ÍSÍ. Þá var kæranda ekki veittar neinar skýringar á bakfærslunni né honum gefið færi á að koma sínum sjónarmiðum á eða honum veittar leiðbeiningar um hvernig hann gæti með öðrum hætti gerst aðili í Dansfélagi Reykjavíkur, sem samkvæmt lögum félagsins er öllum opið.





Að mati dómstólsins hefur kærði ekki fært fram málefnalegar og lögmætar ástæður fyrir ákvörðun sinni um að bakfæra skráningu kæranda á námskeið. Kærði gaf engar skýringar við bakfærsluna né leiðbeiningar um það hvernig kærandi ætti að bera sig að við skráningu, hafi hún ekki verið framkvæmd á réttan hátt. Ákvörðun kærða um að synja kæranda um skráningu í námskeið þar með aðild að Dansfélagi Reykjavíkur er því að mati dómstólsins ólögमत. Samkvæmt f-lið gr. 5.2. í lögum ÍSÍ tekur skráning félagsaðildar gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður í félagatal félags. Á grundvelli þess er því ekki hægt að fallast á þá kröfu kæranda að viðurkennt verði að kærandi sé aðili í Dansfélagi Reykjavíkur en því beint til Dansfélags Reykjavíkur að taka ákvörðun sína til endurskoðunar og veita leiðbeiningar um hvernig kærandi öðlast félagsaðild í Dansfélagi Reykjavíkur.

Dómsorð:

Fallist er á þær kröfur kæranda að synjun kærða um félagsaðild hans hafi verið ólögमत.

Ekki verður dæmdur málskostnaður í máli þessu.

[Tanja Tómasdóttir]

Um málskotsheimild:

Aðilum er bent á að frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er ein vika frá því aðila var kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en fjórum vikum eftir að dómur var kveðinn upp, sbr. grein 35.3 í lögum ÍSÍ.

